

AUGLÝSING

um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Byggðasafns Borgarfjarðar.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 18. júní 2013 stofnskrá Byggðasafns Borgarfjarðar.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 19. júní 2015.

F.h. safnaráðs,

Ágústa Kristófersdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ Byggðasafns Borgarfjarðar.

1. gr.

Safnið heitir Byggðasafn Borgarfjarðar og er í eigu Borgarbyggðar, aðsetur þess er í Borgarnesi. Safnið er eining sem heyrir undir Safnahús Borgarfjarðar. Þar eru einnig eftirtalin fjögur söfn: Héraðsbókasafn, Héraðsskjalasafn, Náttúrugripasafn Borgarfjarðar og Listasafn Borgarness. Árið 1960 er upphafsár safnsins og var aðal hvatamaður þess Haukur Jörundsson, kennari á Hvanneyri. Að safninu stóðu á sínum tíma Samband borgfirskra kvenna, Búnaðarsamband Borgarfjarðar, Borgfirðingafélagið í Reykjavík, Ungmennasamband Borgarfjarðar og Kaupfélag Borgfirðinga. Með samningi hlutaðeigandi frá 6. janúar 2003 eignuðust eftirtalin sveitarfélög safnið: Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur og Skorradalshreppur. Með samningi frá 7. desember 2007 var byggðasamlagi um safnamál í Borgarfirði slitið og Borgarbyggð varð eini eigandi byggðasafnsins.

Menningarnefnd Borgarbyggðar er stjórn Byggðasafns Borgarfjarðar. Hlutverk stjórnar er eftirfarandi, en að öðru leyti vísast í erindisbréf nefndarinnar:

Að tryggja safninu viðunandi starfsaðstöðu.

Að tryggja fjármögnun á starfsemi safnsins.

Að gera tillögur til sveitarstjórnar um stefnumörkun í helstu málefnum safnsins í samvinnu við starfsmenn.

Að hafa eftirlit með því að samþykktum og stefnu sé fylgt og að safnið starfi að lögum.

Að tryggja sjálfstæði safnsins.

Að veita umsögn um ráðningu munavardar (safnstjóra), sem hefur yfirumsjón með byggðasafni skv. starfslýsingu þar um og er næsti yfirmaður hans forstöðumaður Safnahúss.

Að hafa eftirlit með því að munavörður uppfylli skyldur sínar og standi undir ábyrgð.

Dagleg stjórnun safnsins er að öðru leyti í höndum munavardar, sbr. 3. gr.

2. gr.

Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr sveitarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlanir ár hvert. Annarra tekna skal aflað með fjálsfum framlögum aðila er styrkja vilja starfsemi safnsins. Skorradalshreppur greiðir rekstrarframlag til þess samkvæmt þjónustusamningi þar um frá 7. desember 2007. Allur arður af starfsemi safnsins skal renna til uppbyggingar þess.

3. gr.

Munavörður Byggðasafns Borgarbyggðar skal hafa háskólamenntun í safnafræði, sagnfræði, þjóðfræði eða mannfræði eða skyldum greinum sem nýtast í starfi. Munavörður er hluti af faglegu stjórnunarteymi Safnahúss. Munavörður skal gegna að minnsta kosti 50% stöðu við safnið, eða í samræmi við safnalög. Starfsvið og ábyrgð munavardar er eftirfarandi:

Munavörður hefur ákvörðunarvald og ábyrgð í málefnum er snerta daglegan rekstur byggðasafns og innra starf þess.

Hann ber ábyrgð á að menningararfi safnanna sé miðlað með skipulegum og reglubundnum hætti.

Hann skal hafa forystu í faglegu starfi byggðasafnsins og bera faglega og fjárhagslega ábyrgð á verkefnum gagnvart forstöðumanni Safnahúss.

Hann vinnur fjárhagsáætlanir í samráði við forstöðumann Safnahúss.

Munavörður mótar varðveislu-, söfnunar- og sýningarstefnu fyrir safnið.

Munavörður hefur yfirumsjón með minjageymslum.

Í samræmi við ákvæði 8. gr., sinnir munavörður útláni á gripum í eigu/vörslu safnsins, samstarfi við önnur söfn, stofnanir og aðila á faglegum forsendum. Hann hefur yfirumsjón með uppsetningu sýninga, kynningar- og útgáfustarfsemi ásamt öðrum starfsmönnum og forstöðumanni Safnahúss í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun.

Munavörður skal tryggja aðgengi að eigendum safnsins.

Ákvörðunarvald munavarðar nær til málefna sem varða starfsmannamál byggðasafns, fjárhagsáætlanagerð í samráði við forstöðumann Safnahúss, nýtingu fjármagns í samræmi við fjárhagsáætlun, söfnun muna, skráningu, forvörslu, uppröðun, annan frágang og safnvörslu.

4. gr.

Byggðasafnið starfar í almannabágu, samkvæmt stofnskrá þessari, samþykktum sveitarstjórnar, landslögum og alþjóðlegum samþykktum safna. Innlend lög sem safnið starfar eftir eru m.a. gildandi lög um söfn; safnalög, lög um Þjóðminjasafn Íslands, lög um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa og önnur lög er snerta starfsemi safnsins. Safnið og stjórnendur þess, svo sem forstöðumaður og stjórn, starfa jafnframt í samræmi við alþjóðlegar siðareglur og samþykktir safna sem gefnar eru út af Alþjóðaráði safna, ICOM (International Council of Museums).

5. gr.

Safnið starfar samkvæmt eigin söfnunarstefnu og almennri stefnu sem endurskoðuð er á fjögurra ára fresti hið minnsta. Starfssvæði safnsins er frá Skarðsheiði að Haffjarðará eins og það ákvarðast stjórnarfar- og landfræðilega og skarast ekki við söfnunarsvæði annarra safna. Tilgangur safnsins er að safna og varðveita frumgögn, muni og myndir frá upphafi byggðar til dagsins í dag, er varða búskaparhætti, atvinnusögu og starfsmenningu Íslendinga, einkanlega þó frá Skarðsheiði og að Haffjarðará. Safnið skal eiga í góðu samstarfi við minjavörð Vesturlands.

6. gr.

Safnið skal miðla safnkosti og upplýsingum um hann, menningu og sögu héraðsins, m.a. með sýningahaldi, fyrirlestrum, leiðsögn um safnið, útgáfu eða með öðrum þeim hætti sem henta þykir. Safnið skal sinna safnfræðslu eftir því sem kostur er og skal sérstök áhersla lögð á safnfræðslu til nemenda í heimabyggð. Einnig skal efnt til fræðslu fyrir almenning í safninu og fjölmiðlum eftir því sem mögulegt er. Þá skal safnið stunda og/eða vera aðili að rannsóknum á safnkosti, menningu og sögu sveitarfélagsins og veita ráðgjöf um meðferð og varðveislu menningarminja í eigu þess.

7. gr.

Skrá skal allar myndir og muni er safninu berast samkvæmt viðurkenndu skráningarkerfi minjavörslu í landinu. Safngripir skulu merktir, þeim lýst og gerð sem gleggst grein fyrir heimildum um uppruna þeirra og sögu. Safnið skal beita viðurkenndum aðferðum við forvörslu gripa.

Öryggi safnkosts skal tryggt með viðeigandi og viðurkenndum hætti. Hvorki má selja né gefa muni úr safninu, en um skiptingu höfundarréttar mynda skv. höfundalögum skal samið við réttthafa hverju sinni. Byggðasafnið skal sjá um eða heimila gerð stækkaðra eftirmynda og innheimtu birt-ingargjalds f.h. réttthafa.

Heimilt er að lána muni til annarra safna og stofnana samkvæmt sérstöku samkomulagi og með venjulegum skilyrðum um slík lán, með ákvæðum um lánstíma og meðhöndlun muna. Láta má muni í skiptum fyrir aðra, ef stjórn safnsins samþykkir það einróma, nema annað sé ákveðið af gefanda.

8. gr.

Safnið skal vinna að skráningu og verndun fornminja og annarra söguminja á svæðinu í samráði og samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands.

9. gr.

Safnið skal í samvinnu við húsafriðunarnefnd gangast fyrir skráningu þeirra mannvirkja á starfsvæðinu, sem af byggingar- og menningarsögulegum ástæðum hafa varðveislugildi. Safnið skal hvetja til varðveislu á menningarsögulega merktum byggingum og öðrum mannvirkjum, sem ástæða er talin til að vernda á svæðinu í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

10. gr.

Hafa skal góða sýningaraðstöðu fyrir byggðasafnið, á hentugum stað þar sem góð þjónusta er við gesti og aðgengi er gott fyrir alla. Tryggðar séu góðar geymslur fyrir safnmuni þar sem fyllsta öryggis er gætt og aðgengi starfsmanna er gott.

11. gr.

Safnið skal vera opið almenningi á auglýstum tímum. Opnunartími safnsins skal vera í samræmi við safnalög.

12. gr.

Munavörður tekur ákvarðanir í samræmi við söfnunarstefnu safnsins og í samvinnu við aðra stjórnendur um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort taka eigi við þeim. Ef kvaðir fylgja gjöfum skal móttaka þeirra tekin fyrir af stjórn safnsins. Gjöf skal fylgja gjafabréf, undirritað af gefanda. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarþær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, með áorðnum breytingum.

13. gr.

Heimilt er að stofna styrktarfélag (eitt eða fleiri) við Byggðasafn Borgarfjarðar. Skal aflafé þess sett í sérstakan sjóð og varið til afmarkaðra verkefna. Sama gildir um aðra styrki sem safninu er aflað til einstaka verkefna. Slíkt fé skal ekki dragast frá þeirri fjárhæð, sem er árlega ætluð til starfsemi safnsins í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

14. gr.

Í samráði við forstöðumann Safnahúss er munaverði heimilt að ganga til samstarfs, á faglegum forsendum, við önnur söfn innanlands sem utan, viðurkenndar stofnanir eða einkaaðila, um málefni er varða safnið.

15. gr.

Ef safnið verður lagt niður rennur safnkostur þess til Þjóðminjasafns Íslands.

16. gr.

Stofnskrá þessi tekur gildi við samþykkt sveitarstjórnar. Heimilt er að endurskoða hana enda skulu þær breytingar samþykktar af meirihluta stjórnar.